

hafði látið í bakvasa sinn. Varð maðurinn þessa ekki var fyrr en nokkru síðar, en leitaði þá aðstoðar lögreglu, og var ákærði handtekinn skömmu síðar. Hafði hann þá á sér 1025 kr., og að því er hann segir, voru þetta allir peningar þeir, er voru í veskinu, en því kvaðst hann hafa hent. Peningunum var skilað til eigandans, Arthurs Reynolds Nielsens, og hefur hann eigi gert bótakröfu.

Ákærði hefur með nefndu atferli brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Hann hefur enn unnið til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### Dómsorð:

Ákærði, Finnbogi Guðmundsson, sæti fangelsi 6 mánuði. Hann er sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. febrúar 1957.

Nr. 124/1956. **Ákærvaldið**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

**Frederic Harold Pidgen**

(Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Botnvörpuveiðar í landhelgi.

#### Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa upp kveðið Erlendur Björnsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, og samdómendurnir Sveinlaugur Helgason og Þorgeir Jónsson.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, athugað staðar-

ákvarðanir yfirmanna varðskipsins Þórs, þegar togarinn Sisapon, G.Y. 381, var tekinn af varðskipinu, er hann var að botnvörpuveiðum úti fyrir Austfjörðum 21. ágúst f. á. Samkvæmt athugun skólastjórans á staðarákvörðun þeirri, er gerð var kl. 20.50 nefndan dag, reyndist togarinn um 0,4 sm innan fiskveiðimarkanna. Samkvæmt þessu og með skirskotun til þess, sem í héraðsdómi greinir um veiðar togarans, hefur hann þá verið að botnvörpuveiðum í landhelgi og með því gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Með skirskotun til þessa og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því að héraðsdómur var upp kveðinn, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Frederic Harold Pidgen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Ágústs Fjeldsteds, kr. 3500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Seyðisfjarðarkaupstaðar 23. ágúst 1956.

Mál þetta er höfðað að fyrir lagi dómsmálaráðherra af ákærvaldsins hálfu gegn Frederic Harold Pidgen, skipstjóra á brezka togaranum Sisapon, G. Y. 381, til refsingar fyrir brot gegn lögum nr. 5/1920, 1. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara 21. ágúst 1956

út af Gerpi, innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952, og til upp-töku afla og veiðarfæra nefnds togara og greiðslu alls sakar-kostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fædd-ur 21. febrúar 1920. Hann hefir ekki, svo vitað sé, áður sætt refsingu eða ákæru fyrir dómstólum hér.

Í fyrradag var varðskipið Þór á eftirlitsferð norður með Seley. Kl. 20,44 sást togarinn Sisapon, G. Y. 381, halda út og suður frá landi. Skipstjóri togarans, sem er ákærði í máli þessu, viður-kennir, að togarinn hafi þá verið að veiðum og þar til varð-skipið hafði staðnæmzt hjá togaranum.

Kl. 20,50 var gerð svofelld staðarákvörðun:

Skrúður	>	45°03'
Snæfugl	>	84°52'
Norðfjarðarhorn	>	28°19'
Togari		

Fjarlægð í togarann 6.7 sjómílar, er gefur stað hans um 0.4 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna. Kl. 20.53 er sett upp stöðv-unarmerki.

Kl. 20.59 gerði varðskipið eftirfarandi staðarákvörðun:

Skrúður	>	55°53'
Skúmhöttur	>	70°11'
Norðfjarðarhorn	>	40°38'
Togari		

Fjarlægð 4.0 sjómílar í togarann.

Kl. 21.14 sást, að togarinn var með bakborðsvörpu í sjó.

Kl. 21.17 var dufl sett út í kjölvatn togarans.

Kl. 21.21 var stöðvað við hlið togarans Sisapon, G.Y. 381, er strax byrjaði að vinda inn vörpu sína. Skipstjóri togarans var sóttur, og farið var að duflinu og gerð við það eftirfarandi stað-arákvörðun:

Skrúður	>	28°07'
Skúmhöttur	>	63°47'
Norðfjarðarhorn		

Dýpi 100 metrar.

Kl. 22.05 við duflið:

Skrúður	>	60°02'
Sandfell	>	56°39'
Dalatangaviti		

Ákærði tók þátt í staðarákvörðuninum nr. 3 og 4 hér að fram-

an, og er fullt samkomulag milli hans og yfirmanna varðskipsins um, að þær séu réttar. Staðarákvarðanir nr. 1 og 2, sem sýna skip ákærða innan fiskveiðitakmarka á þeim tíma, sem hann var að veiðum, eru hins vegar ekki viðurkenndar af ákærða. Kl. 18.25 kveðst hann hafa gert staðarákvörðun, sem eftir íslenskri venju mundi rituð þannig:

Skúmhöttur	>	46°15'
Norðfjarðarhorn	>	35°04'
Dalatangaviti		

Staðarákvörðun þessi fær þó ekki staðizt, sé hún borin saman við staðarákvarðanir nr. 3 og 4 hér að framan, sem gerðar voru við dufl, er sett var í kjölvatn togarans kl. 21.17 og ákærði gerði sjálfur og viðurkennir, að væru réttar, því að ef fyrstnefnd staðarákvörðun ákærða væri rétt, hefði togarinn samkvæmt upplýsingum ákærða um hreyfingar hans átt að vera kominn miklu lengra út fyrir fiskveiðitakmörkin kl. 21.17 heldur en hinar óumdeildu staðarákvarðanir nr. 3 og 4 sýna. Með hliðsjón af þessu verður ekki hægt að taka andmæli ákærða til greina. Og þar sem skýrsla skipherrans á varðskipinu Þór er studd eiðfestum vitnisburði 1. og 2. stýrimanns á varðskipinu, verður að teljast fullsannað, að skip ákærða hafi verið innan fiskveiðitakmarkanna kl. 20.50 og 20.59, þegar staðarákvarðanir nr. 1 og 2 voru gerðar, en þá var skipið að veiðum, eins og áður segir. Ákærði hefur því verið að botnvörpuveiðum í landhelgi og þar með gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og varðar það hann refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951.

Þar eð skip ákærða, togarinn Sisapon, G.Y. 381, er samkvæmt mælibréfi 581,21 rúmlestir brúttó, þykir refsing ákærða, með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu, hæfilega ákveðin kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innanborðs í togaranum Sisapon, G. Y. 381, svo og veiðarfæri hans öll, að meðtöldum dragstrengjum, skal vera upp-tækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

#### Dómsorð:

Ákærði, Frederic Harold Pidgen, greiði kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í

stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innanborðs í togaranum Sisapon, G.Y. 381, svo og veiðarfæri hans öll, að meðtöldum dragstrengjum, skal upptækt vera til handa sama sjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. febrúar 1957.

Nr. 161/1956. **Ákærvaldið** (Guðmundur Ásmundsson hrl.)

gegn

**Jakobi Vigtý Leó Ólafssyni**

(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Botnvörpuveiðar í landhelgi.

### Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, markað á sjóupprátt stað þann, er ákærði kveður skip sitt hafa verið statt á, er vörpunni var kastað í umrætt skipti. Staðfestir skólastjórinn, að sá staður sé um 6,2 sm innan fiskveiðimarkanna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt sekur um botnvörpuveiðar í landhelgi. Varðar það brot hans við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Með skírskotun til þessa og þar sem gullgildi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því að héraðsdómur var kveðinn upp, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.